

**Sp.**

**233. Þingsályktun**

um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus.

(Afgreidd frá Sp. 10. marz.)

Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd að rannsaka og skila rökstuddu álitum um það, á hvern hátt verði hagkvæmast og með mestu öryggi tryggðar samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, enda ljúki nefndin störfum svo fljótt sem auðið er.

Nefndinni ber að semja kostnaðaráætlun um þær samgöngubætur, er hún leggur til, að gerðar verði.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, en vegamálastjóri vera fimmti maður í nefndinni og formaður hennar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.